

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1057/2008**2009/EES/54/13**

frá 27. október 2008

um breytingu á II. viðbæti við viðaukann við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 varðandi lofthæfistaðfestingarvottorðið (EASA-eyðublað nr. 15a) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ⁽²⁾ hefur verið breytt með reglugerð (EB) nr. 1056/2008 ⁽³⁾.
- 2) Skipta skal út lofthæfistaðfestingarvottorðinu, sem sett er fram í II. viðbæti við viðaukann í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi

framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja ⁽⁴⁾, til að endurspegla breytingarnar sem gerðar hafa verið á reglugerð (EB) nr. 2042/2003.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitni sem Flugöryggisstofnunin ⁽⁵⁾ gaf út í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðbætis (Lofthæfistaðfestingarvottorð (Airworthiness Review Certificate), EASA-eyðublað nr. 15a) í viðaukanum (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 komi textinn sem settur er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 29.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 283, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

⁽⁵⁾ Álit nr. 02/2008.

VIÐAUKI

„II. viðbætur

Lofthæfistaðfestingarvottorð

[AÐILDARRÍKI]

Aðili að Flugöryggisstofnun Evrópu

LOFTHÆFISTADFESTINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer vottorðs:

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:

Framleiðandi loftfars:

Einkenni framleiðanda fyrir loftfarið:

Skráning loftfars:

Raðnúmer loftfars:

telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis: Tilvísunarnúmer samþykkis:

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis: Tilvísunarnúmer samþykkis: